

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1979

Nr. 317.

614

31. júlí 1979.

REGLUR

um hreindýraveiðar árið 1979.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 520 hreindýr í Norður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1979. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptast þannig milli eftirgreindra hreppa.

	5 hreindýr
1. Fjallahreppur	5 —
2. Skeggjastaðahreppur	12 —
3. Vopnafjarðahreppur	55 —
4. Fljótshreppur	55 —
5. Jökuldalshreppur	35 —
6. Fellahreppur	35 —
7. Tunguhreppur	14 —
8. Hlíðahreppur	15 —
9. Hjaltastaðahreppur	9 —
10. Borgarfjarðahreppur	7 —
11. Seyðisfjarðahreppur	7 —
12. Seyðisfjörður	33 —
13. Skriðdalshreppur	40 —
14. Vallahreppur	15 —
15. Egilsstaðahreppur	20 —
16. Eiðahreppur	7 —
17. Mjóafjarðahreppur	7 —
18. Norðfjarðahreppur	9 —
19. Helgustaðahreppur	7 —
20. Eskifjörður	15 —
21. Reyðarfjarðahreppur	7 —
22. Fáskrúðsfjarðahreppur	7 —
23. Búðahreppur	7 —
24. Stöðvarhreppur	20 —
25. Breiðdalshreppur	15 —
26. Beruneshreppur	7 —
27. Búlandshreppur	15 —
28. Geithellahreppur	7 —

29. Bæjarhreppur	14 hreindýr
30. Nesjahreppur	14 —
31. Hafnarhreppur	7 —

520 hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr. en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitolönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagnenjist heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954 um breyting á lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 260/1978 um hreindýraveiðar árið 1978.

Menntamálaráðuneytið, 31. júlí 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Orðin: „Þá skal reglugerð þessari ekki framfylgt að svo stöddu eða þar til annað verður ákveðið, utan miðlinu milli grunnlína Jan Mayen annars vegar og Íslands hins vegar.“ í síðustu málsgrein 1. gr. falla niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. ágúst 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Þórður Ásgeirsson.